

**Fundarstaður:** Teams – fjarfundur.

Á fundinn mættu; Þórhallur Jóhannesson formaður, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnar Gunnarsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri FFF.

### Dagskrá

1. Staða verkefna
2. Framtíð verkefnisins
3. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Staða verkefna – Verkefnastjóri fór yfir það helsta.
  - a. **Gersemar Fljótsdals** – handverkssmiðja var haldin 2.-3. september. Skráðir þátttakendur voru um 20. Viðburðurinn heppnaðist mjög vel. Óskuðu þátttakendur eftir að fá aðhald við að þróa hugmyndirnar áfram þannig að ákveðið var að halda samsýningu 26. Nóvember í Végarði. Sú hugmyndi hefur þróast þannig að þetta verður dagur handverks og hugmynda sem tengjast Fljótsdælingum eða Fljótsdalnum með einhverjum hætti.
  - b. **Droplaug Handverksfelag**
    - i. Stóð fyrir tóvinnunámskeiði með Marianne Gucklsberger í samstarfið við Hallormsstaðaskóla. Námskeiðið gekk mjög vel og mikil ánægja með aðstöðuna og kennsluna. Þrjú þátttakendur frá Fljótsdal sóttu námskeiðið.
    - ii. Opin vinnustofa í kjötið var haldin 7.-11. nóvember með Fráviksmönnum í Hallormsstaðaskóla. Tóku 7 aðilar úr Fljótsdalnum virkan þátt í því. Námskeiðið var styrkt af Samfélagssjóðnum. Vel var að vinnustofunni staðið og hún skemmtileg. Þátttakendur sammála um mikilvægi þess að fara reglulega á svona námskeið til að viðhalda vinnubrögðunum og læra ný.
    - iii. Námskeið í rúningi og ullarmati fór fram á Skriðuklaustri 12. nóvember á vegum Hallormsstaðaskóla með stuðningi Samfélagssjóðsins.
    - iv. Málstofa um ull og vinnslu – Að taka ofan af – fór fram á Hallormsstað 15. nóvember sem einnig var styrkt af Samfélagssjóðnum. Um 6 komu úr Fljótsdalnum.
    - v. Endurgerð Kúahlöðunnar á Langhúsum gengur líka vel, þ.e. miðað við fyrsta áfanga verksins. Að verkinu koma auk landeiganda Baldur Pálsson og Bjarki Sigurðsson. Verkefnastjóri vinnu að uppgjöri, lokaskilum vegna styrkja og gerð umsóknar um styrk fyrir næsta ár til Húsafriðunarsjóðs.
    - vi. Réttardagurinn var haldinn í anda Fljótsdalsdaga með söng, markaði, uppákomum og balli. Frábært veður og allt gekk vel. Að skipulagi dagsins komu Halla Auðunardóttir og Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir. Þær eiga mikið hrós skilið fyrir þeirra vinnu og að gera daginn skemmtilegan og eftirminnilegan.

- c. **Kynnisferð með Fljótsdælinga.** Verkefnastjóri skipulagði ferð sem var í boði sveitarfélagsins í Belgjanda Brugghús, Kaupfélagið á Breiðdalsvík, Gautavík, Lindarbrekku, til LeFever hot souce á Djúpavogi og Bragðavellir. Áhersla var lögð á nýsköpun í ræktun, framleiðslu og vinnslu afurða/handverks. Rúta frá Sæta ehf. ók þátttakendum sem voru alls fjórtán. Almenn ánægja var með ferðina; móttöku aðilanna og þá fræðslu sem veitt var.
- d. **Gönguleiðir** – leitað var eftir ábendingum frá íbúum/landeigendum um áhugaverða staði og leiðir sem vert væri að vinna áfram og gera aðgengilegar. Unnið verður úr ábendingunum og samantektinni komið á framfæri í gönguleiðahópnum og til sveitarfélagsins.
- e. **Kynningarmál** – Unnið var áfram við að laga heimasíðuna, yfirfara upplýsingar þar, setja inn fréttir, tilkynningar og viðburði. Miðlun á ýmsum verkefnum í gegnum samfélagsmiðla og með tilkynningum/fréttaskotum til Austurgluggans/Austurfrétt og Bændablaðsins, auk sjónvarpsmiðla. Sent var eitt fréttabréf, viðburðardagskrá, með tölvupósti og það borið út í hús sem ekki eru með netföng. Einnig hvatt til þátttöku í viðburðum, eins og Matarmótinu í Valaskjalf, Húsnæðismálaráðstefnu, Atvinnumálaráðstefnu, o.fl. Einnig að sækja um styrki, s.s. Uppbyggingasjóð o.fl.
- f. **Samfélagssjóðurinn** – Hvatt hefur verið til þess að aðilar fari að skila lokaskýrslum verkefna sem fengið hafa styrki. Það gengur heldur hægt og erfiðlega. Nokkrir hafa skilað inn styrkjum þar sem þeir treysta sér ekki í framkvæmdina eða forsendur breyttar. Lögð er áhersla á að sem flestir aðilar skili lokaskýrslum fyrir áramót.

#### Á döfinni og framundan – frá verkefnastjóra

Unnið er að því að útbúa kannanir til að met skoðun þeirra er koma og hafa komið að stjórn verkefnisins FFF sem og könnun til þeirra sem lifa og starfa í Fljótsdal. Með þeim hætti verður hægt að meta árangur af verkefninu og afla upplýsinga til að meta áhuga á framhaldi þessa verkefnis.

Drög að spurningarlistunum voru send út til nefndarmanna til yfirlstrar.

- 1) **Könnun til verkefnastjórnar** – send til samfélagsnefndar, sveitarstjóra, sveitarstjórnar, fyrrverandi sveitarstjóra og sveitarstjórnarfulltrúa og fráfarandi formanns nefndarinnar.
- 2) **Könnun til þeirra sem lifa og starfa í Fljótsdal** – Listinn verður borinn undir sveitarstjóra til að meta spurningarnar og/eða viðbætur.

Unnið verður jafnframt að því að taka saman ársskýrslu 2022 og svo lokaskýrslu sem stefnt er að því að klára um áramótin 2022-2023.

#### Umræður

Fundarmenn lýsa ánægju sinni með þau verkefni sem hafa verið framkvæmd frá síðasta fundi. Allir sammála um að mikil ánægja hafi verið með fyrirkomulag réttardagsins og mikil hvatning um að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Huga þarf að því hvernig þessum degi verði verkstýrt til framtíðar.

Jafnframt kom fram að fjölmargir hafa lýst ánægju með aðra þá viðburði og námskeið sem hafa verið í boði og Fljótsdælingar tekið virkan þátt í. Góður rómur er af þeim öllum.

Tekið er undir mikilvægi þess og þörf að kanna skoðun fólks á árangri verkefnisins, nú þegar breytingar eru fram undan á því. Nokkrar athugasemdir gerðar við spurningar og gerð tillaga að viðbótarspurningu.

## 2. Framtíð verkefnisins

Fram kom að í október var sveitarstjóra falið að skipuleggja samfélagsþing. Málið hefur gengið hægt en rætt hefur verið við fulltrúa í Austurbrú og lldi um aðkomu að því. Fram kom einnig að stefnt er að því að halda samfélagsfund í febrúar. Sveitarstjóri hefur talað um að fyrirkomulagið yrði breytt og að starfsmaður yrði líklega ráðinn beint hjá sveitarfélaginu en að íbúar komi að því að ræða þann þátt sem snýr að samfélagsverkefnunum. Rætt var um stöðu annarra sambærilegra samfélagsverkefna þegar þau hafa komið að lokum en ýmsar útfærslur hafa verið á því.

Fram kom að samfélagsnefnd hefði viljað sjá sveitarstjórn vinna þetta hraðar og jafnvel lagt fram áætlun í vor í stað þess að dánkast í gegnum vorið og haustið. Gleðst þó að áhugi er fyrir því að halda samfélagsverkefninu áfram. Nokkuð ljóst að verkefni eru nóg og fjölbreytt, hvort sem þau eru lögboðin eða samfélagslegs eðlis. Það er hagur að hafa samning við Austurbrú og að nýta þann mannskap sem til er þar, en skilningur er jafnframt á því að hafa stöðugildi skráð hjá sveitarfélaginu. Samfélagsnefnd telur það hafa verið mikla gæfu að fá verkefnastjóra inn í verkefnið sem hefur haft mikinn áhuga á því, fjölbreytta þekkinguna og bakgrunn sem vel hefur nýst í þetta verkefni.

Einnig veltu menn fyrir sig hver staðan væri í Fljótsdal ef ekki hefði verið farið af stað með samfélagsverkefnið, Fagra framtíð í Fljótsdal.

Verkefnastjóri þakkar góð orð og spyr með hvaða hætti aðilar vilji sjá skil hennar á verkefninu, umfram það að skila ársskýrslu, lokaskýrslu með niðurstöðu kannanna um verkefnið og lokaskýrslum vegna styrkveitinga til hinna ýmsu verkefna.

Nefndarmenn sammála um að þetta sé leiðin sem og að vera innan handar ef kallað er eftir því að hálfu sveitarfélagsins.

Samþykkt að stefna á næsta og þá lokafund samfélagsnefndar með sveitarstjórn, sveitarstjóra og forstöðumanni Austurbrúar fimmtudaginn 5. janúar í Végarði, kl. 14:00.

## 3. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundi slitið kl. 17:45

ÁHBj ritaði